

Ed.

76. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 37 1929, um héraðsskóla.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða Reykjanesskólanum í Norður-Ísafjarðarsýslu árlegan rekstrarstyrk til unglíngafraeðslu, allt að hlutfallslegri upphæð, miðað við námstíma og nemendafjölda, eins og til héraðsskóla (sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 37 1929, um héraðsskóla). Á sama hátt er ríkisstjórninni heimilt að greiða styrk til nauðsynlegra nýbygginga í þarfir unglíngadeildar skólans í samræmi við 15. gr. héraðsskólalaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er heimilt að greiða skólanum þegar rekstrarstyrk fyrir skólaárið 1936-1937.

Greinargerð.

Héraðsskólar hafa nú verið reistir viðsvegar, og má gera ráð fyrir, að þeim fari enn fjölgandi. Eru þeir flestir hinir prýðilegustu staðir, þar sem æsku sveitanna eru eftir atvikum boðin hin fullkonnustu ytri skilyrði til að njóta skólafræðslu. Hins er enn vant, að mönnum sé nægilega ljóst, hvernig fræðslunni í þessum skólum skuli hagað, svo að hún geti orðið alþýðu að notadrýgstu gagni. Þarf reynslan að leiða það í ljós, enda er þá mikils um vert, að allir hjakki ekki í sama fari, heldur séu skýnsamlega fjölbreyttar tilraunir gerðar, er reynslan fái að leggja sinn dóm á.

Í skólanum í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, sem fyrst og fremst er heimavistarbarnaskóli fyrir tvö hreppsfélög, en nýtur forustu óvenjulega áhugasams og hugkvæms skólamanns, fara nú fram eftirtektarverðar tilraunir um hagkvæma fræðslu- og vakningarstarfsemi meðal unglínga og alþýðu. Hafa tilraunir þessar vakið athygli kunnáttumanna, auk þess sem þær hafa náð alveg óvenjulegri hylli almennings í nágrenni skólans, og raunar víðar. Það ætti að vera til almenns gagns alþýðufræðslunni í landinu, og þá fyrst og fremst héraðsskólunum, að tilraunir þessar gætu haldið áfram við viðunandi skilyrði, og í því skyni er frumvarp þetta flutt, sem gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé heimilað að styrkja unglíngafraeðslu Reykjanesskólans til jafns við tilsvareandi starfsemi héraðsskólanna.

Af fylgiskjölum þeim, sem bér fara á eftir, má mönnum verða nokkurnveginn ljós starfsemi Reykjanesskólans til þessa, svo og hverjar fyrirætlanir eru hafðar um hana framvegis.

Fylgiskjal I.

Starfsskrá Reykjanesskólans.

I. Barnaskólinn.

Starfstími frá 1. nóv. til 1. maí ár hvert. Skólinn er fyrir 10–14 ára börn úr Nauteyrrar- og Reykjarfjarðarhreppum, enda kosta þeir skólann með tilstyrk ríkisins, samkvæmt lögum um barnafræðslu.

II. Önnur starfsemi skólans.

Unglinganám, námskeið og félagsstörf séu fyrst og fremst fyrir Norður-Ísfirðinga:

1. Unglinganám:

- a. Yfir mánuðina janúar, febrúar og marz ár hvert starfi unglingskóli í tveim deildum, eldri og yngri deild. Inntökuskilyrði í yngri deild sé fullnaðarpróf barnafræðslunnar; í eldri deild fá þeir inntöku, sem lokið hafa prófi úr yngri deild. Inntökuskilyrði að öðru leyti eru: gott heilsufar, góð hegðun og fullgild ábyrgð á öllum kostnaði við námið.
 - b. Náminu sé hagað þannig: Íslenzka, stærðfræði og sund séu skyldugreinar, einnig séu allir nemendur skyldir að hlýða á erindi um ýms efni, svo sem í sögu og náttúrufræði. Að öðru leyti geta nemendur valið um, hvort þeir gera að aðalnámi sínu bóknám, íþróttir eða handavinnu. Um tilhögun námsins skal nánar ákveðið í reglugerð.
2. **Búnaðarnámskeið.** Á tímabilinu meðan unglinganám stendur yfir verði haldið bændanámskeið. Þar verði haldnir fyrirlestrar um: húnaðarmál, uppeldismál, félagsmál, bókmenntir o. fl.
 3. **Vorvika kvenna.** Um mánaðamótin maí og júní verði viku námskeið fyrir konur; tilgangur þess sé hvorttveggja, fræðsla og hvíld. Fræðsla verði veitt í garðrækt og matreiðslu grænmetis. Erindi flutt um: uppeldismál, húsbúnað, fatagerð og annað, er lýtur að heimilisprýði utan húss og innan. Í sambandi við námskeiðið verði sund og aðrar íþróttir iðkaðar svo sem föng eru á.
 4. **Garðyrkjunámskeið.** Starfstími 4 vikur á tímabilinu frá 1. maí til 15. júní. Kennð verði öll venjuleg garðyrkjustörf, en einkum lögð áhersla á ræktun matjurta við venjuleg skilyrði.
 5. **Vordagurinn.** Á hverju vori sé einn vinnudagur í Reykjanesskóla. Þá komi nemendur og aðrir unnendur skólans saman og vinni að fegrun á umhverfi skólans og öðrum óunnum verkefnum í þágu hans.
 6. **Íþróttanámskeið** (ef íþróttaskólinn verður sameinaður annari starfsemi Reykjanesskólans). Íþróttanámskeið starfi 4–6 vikur í júní og júlí ár hvert. Námsgreinar eru: sund, leikfimi og leikir, en auk þess fari fram kennsla um náttúrufræðileg efni.
 7. **Félagsstörf.** Nemendur Reykjanesskólans og aðrir þeir, sem áhuga hafa á starfi hans, myndi með sér félag, er framkvæmi á skipulegan hátt ýms framfara- og menningarmál. Miðstöð félagsins sé Reykjanesskólinn. Verkefni: Félagið vinni að velgengni Reykjanesskólans, með því að prýða skólastaðinn (vordagurinn), efla söfn skólans og vinna að bættum skilyrðum hans til andlegra og líkamlegra menningarstarfa.
 8. **Íþróttamót.** Tvisvar á ári skulu haldin íþróttamót, annað í lok íþróttanámskeiðsins á sumrin. Þar verði keppt í: sundi, glímu, knattleikum o. fl. Hitt mótið sé haldið síðari hluta vetrar, þar sem vel hentar fyrir skauta- og skíða-hlaup.

9. **Kostnaður við skólahaldið.** Um kostnað við barnafræðsluna fer samkvæmt lögum þar um. Kostnaður við aðra starfsemi skólans greiðist með skólagjöldum nemenda, framlagi ríkis og ýmsum styrkjum. Hver nemandi, sem tekur þátt í unglínganámi, greiði kr. 20.00 í skólagjald. Þess er vænt, að ríkið greiði hlutfallslega til þessarar starfsemi eins og til héraðsskólanna, sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 37 1929, um héraðsskóla. Um styrkveitingu til einstakra liða starfseminnar annarsstaðar frá verði leitað til Búnaðarsambands Vestfjarða, Búnaðarfélags Íslands, Ísafjarðarkaupstaðar, Norður-Ísafjarðarsýslu o. fl.
10. **Hressingarheimili.** Tekið verði á móti gestum til dvalar um lengri eða skemmri tíma. Starfstími heimilisins sé frá 20. júlí til 1. sept. ár hvert. Dvalargestir eigi kost á heitum sjóhöðum, gufuböðum og ljósböðum. Heimilið starfi undir eftirliti læknis.
11. **Land og hlunnindi til starfseminnar.** Samið verði við landeiganda Reykjaness um ákveðið samfelt land, umráð yfir svonefndri Hveravík og nægilegu heitu vatni til baðstofu og annars, er með þarf. Landsvæði þetta þarf að ná umhverfis öll mannvirki starfseminnar, til sjávar að lendingu og umhverfis fyrrnefnda Hveravík.
12. **Aðkallandi verkefni:**
- Girðing og skipulagning þess landsvæðis, sem starfsemin fengi til umráða.
 - Íþróttavöllur gerður.
 - Gerðir gangstígar, graspallar við sundlaug og íþróttavöll, ræktaðir grasfletir til fimleika og ýmsra smáleikja.
 - Bygging baðstofu, ljósbaðsklefa og öflun ljóslækningatækja.
 - Sjóleiðsla í sundlaugina (áætlaður kostnaður er kr. 1500.00, loforð er fyrir hendi um ríkisstyrk fyrir hálfum kostnaði).
 - Að koma upp bryggju, sem Djúpbáturinn geti lagzt við.¹⁾
 - Rannsað verði, á hvern hátt tiltækilegast sé að koma upp heitum sjóbaðstað í Hveravíkinni.
 - Gerður verði skipulagsuppráttur af landsvæðinu og hverri einstakri framkvæmd á því, svo og kostnaðaráætlanir.
- Þessi verkefni verði leyst á þann hátt, sem hér segir: Með frjálsum vinnuframlögum — þegnskaparvinnu — væntanlegra félagsmanna og annara, sem það vildu, gegn fæði og sundkennslu. Um lengd vinnutíma hvers einstaklings yrði samningsatriði.
- Ríkið ætti að leggja fram sem svarar fæði starfsmanna, fyrir aðkeyptu efni og áhöldum, sem allt yrði nánar tiltekið, þegar kostnaðaráætlun hefir verið gerð. Yrðu þá ákveðin árleg fjárframlög af ríkisins hálfu, gegn ákveðnum vinnuframlögum heima fyrir. Miðað yrði við, að framantalin verkefni yrðu framkvæmd á næstu 5—10 árum eftir að hafizt er banda.
13. Um þátttöku í stofnkostnaði og viðhaldi búsakynna starfseminnar fari eftir samningi milli Norður-Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar annarsvegar og Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppa hinsvegar.²⁾
14. Öll þessi starfsemi lúti stjórn Reykjanesskólans.

Greinargerð um starfsskrána.

1.—6. töluliður. Af framangreindri starfsáætlun Reykjanesskólans má segja, að komin sé í framkvæmd starfræksla barnaskólans og af annari starfsemi töluliðir 1—6, að undanskildum tölulið 4 (garðyrkjunámskeið). Eins og meðfylgjandi skýrslur sýna, hefir þátttaka í unglínganámi, námskeiðum og félagsstörfum Reykjanesskólans verið mjög mikil. Það hefir og sýnt sig, að áhugi meðal almennings fer

1) Bryggjan er þegar gerð.

2) Það mál er nú að fullu undirbúið og á vísa hagkvæma lausn (sbr. fylgiskjal II).

vaxandi fyrir því, að þessi starfsemi haldi áfram, en til þess að það geti orðið. þarf að skapa henni öruggari fjárhagslega aðstöðu og ákveðnara starfsvið. Nemendur í unglingaskóla og þátttakendur í einstökum námskeiðum eru úr flestum hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu. T. d. eru nú 41 nemandi í unglingaskólanum, og eru þeir úr sex hreppum sýslunnar. Virðist því eðlilegast, að þessi starfsemi í heild verði sýsluskóli Norður-Ísafirðinga og þeir standi sameinaðir að baki þessari fræðslu og heilsuverndarstarfsemi, og heiti sér fyrir því, að sérstök lög verði gefin út um hana, í samræmi við framanskráða starfsáætlun.

7. töluliður. Framkvæmd félagsstarfanna yrði hagað í stuttu máli sem hér segir: Félagið starfi í deildum, ein deild í hverjum hreppi. Hver félagsdeild vinni fyrst og fremst að málefnum sinnar sveitar, svo sem bættum íþróttaskilyrðum, iðkun íþróttá, öflun hagnýtra bóka og leitist við að styðja að framgangi hvers þess máls, er til heilla horfir. Félagið heiti sér fyrir því, að farnar verði lengri eða styttri ferðir, safnað yrði náttúrugripum fyrir safn skólans og a. þ. h. Félagsmenn vinni að eflingu garðræktar, m. a. með því að styðja af alefli þá starfsemi skólans, að hver nemandi hans stundi garðyrkju.

8. töluliður þarf ekki skýringar við.

9. töluliður. Skólagjöld og framlag ríkisins til unglínganáms má eingöngu ganga til þess að standa straum af kostnaði við þá fræðslu. Til búnaðarnámskeiðs og kvennanámskeiðs skal leita styrks hjá Búnaðarsambandi Vestfjarða og Bf. Ísl. Einnig verði leitað til Bf. Ísl. um styrk til garðyrkjunámskeiðs, sem yrði hlutfallslega jafnhár þeim styrkjum, er félagið veitir til hliðstæðra námskeiða. Íþróttanámskeiðinu komi styrkir frá: Ísafjarðarkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og ríki, eins og verið hefir.

10., 11. og 12. töluliður. Skilyrði til þess að gera Reykjanes að heilsuverndarstöð eru einstök. Auk heita vatnsins á landi eru heitar uppsprettur í vik einni, sem Hveravík nefnist. Í mestum hluta vikurinnar er sandbotn; fyrir framan vikina er sker allmikið, sem hlífir henni fyrir stórsjóum. Tiltölulega auðvelt virðist vera að ná uppsprettuvatninu í þró og leiða það síðan til dreifingar um alla vikina. Þá mætti auka vatnsmagnið frá hverunum á landi. Fyrir þvera vikina þarf að gera garð, ca 150 m. langan. Eins og kunnugt er, á Ísafjarðarkaupstaður Reykjanes og hefir leigt það þýzkum garðyrkjumanni til næstu 40--50 ára. Til þess að starfsemin geti notið sín, þyrfti hún að fá til umráða landsvæði, svo sem áður er getið. Þarf að semja við landeiganda og ábúanda um land og afnot af Hveravík. Það skal tekið fram, að ekki er sýnilegt, að ábúandi hafi nein not af Hveravík. Af því landi, sem starfsemin þyrfti að fá, er tæp dagsláttá ræktanleg; hitt eru melar og grýtt land. Hvergi hér á landi munu vera önnur eins skilyrði til baðstaðar í heitum sjó eins og hér í Reykjanesi. Af framkvæmdum yrði látið sitja fyrir að ná sjó í laugina, byggja baðstofu, ljósbaðsklefa og fá ljóslækningatæki. Gerð íþróttavallar, ræktun og ýmiskonar lagfæring, baðstaður í Hveravík o. fl. yrðu verkefni næstu ára. Langmesti hluti þessara framkvæmda er vinna, og tel ég vel fært að afla hennar með þegnskaparvinnu, gegn fæði og sundkennslu. Það virðist því sanngjarn, að ríkið styrki þetta með árlegu framlagi, t. d. næstu 5 ár, sem svarar fæði starfsmanna, aðkeyptu efni og áhöldum (ljóslækningatæki o. fl.). Þessi heilsuverndarstarfsemi yrði rekin eins ódýrt og föng væru til, svo hún gæti komið að sem mestu gagni fyrir almenning. Til mála gæti komið að mynda sjóð, sem varið yrði til viðhalds og ýmsra smærri framkvæmda. Væri t. d. viss aðgangseyrir að stofnuninni -- ákveðna tíma árs --, gegn afnotum af sundlaug, baðstað o. s. frv. Gjald þetta yrði að vera lágt, t. d. 50 aurar fyrir fullorðna og 25 aurar fyrir börn. Til skýringar skal þess getið, að síðastliðið sumar kom hingað á annað þús. manns. Fyrir hvern lið starfseminnar verði samdar reglugerðir, sem ákveða nánar alla starfstilhögun.

Hlutverk skóla, að veita fræðslu í ýmsum fræðiatríðum, er að visu mikilsvert, en hitt er þó ekki minna um vert, að áhrif skólanna nái út fyrir þá, inn á heimilin.

og að árangur af fræðslu og uppeldi birtist í framkvæmd ýmsra verkefna, sem leyst yrðu á félagslegan hátt, auknu sjálfuppeldi, andlegu og líkamlegu. Þeim áhrifum, sem nemandinn verður fyrir, þarf að viðhalda og áhugamálanum þarf að fylgja eftir, en til þess er aðeins ein leið, og hún er sú, að sameina kraftana um framkvæmd þeirra mála, sem mest snerta menningu hvers einstaklings og héraðsins alls á hverjum tíma. Reykjanesskólinn á að verða sameiginlegt heimili allra Norður-Ísfirðinga, þar sem lögð yrði alúð við fræðslu, félagsþroska og heilsuvernd hvers einstaklings. Reykjanesskólinn heitir á Norður-Ísfirðinga að standa fast saman að þessari framkvæmd, og á rikið að veita þar til hjálpsína.

Reykjanesskóla, 15. marz 1936.

Aðalsteinn Eiríksson.

Fylgiskjal II.

Væntanlegt samkomulag Ísafjarðarkaupstaðar, skólahéraðs Reykjanesskólans og Norður-Ísafjarðarsýslu um að gera skólann að sjálfseignarstofnun og um stjórn hans.

Árið 1937, fimmtudaginn 21. jan., voru mættir á skrifstofu sýslumanns til þess að ræða um stofnun héraðsskóla í Reykjanesi þessir aðiljar:

- I. Frá sýslunefnd: oddviti sýslunefndar, Jón Fjalldal og Bjarni Sigurðsson, kosnir á síðasta sýslufundi í nefnd til að fjalla um málið.
- II. Frá bæjarstjórn Ísafjarðar: bæjarfulltrúarnir Hannibal Valdimarsson, Arngr. Bjarnason og Guðm. Kristjánsson í forföllum Guðm. Hagalín, kosnir í nefnd af hálfu bæjarstjórnar til þess að fjalla um málið.
- III. Frá skólanefnd Reykjanesskólans: Aðalsteinn Eiríksson, Ólafur Ólafsson, Þorsteinn Jóhannesson og Páll Pálsson, kosnir af skólanefnd Reykjanesskólans. Nefndirnar urðu sammála um að leggja eftirfarandi tillögur fyrir umbjóðendum sína:

- I. Ísafjarðarkaupstaður, Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppur (skólahérað barnaskólans í Reykjanesi) og Norður-Ísafjarðarsýsla ganga í félag um stofnun skóla í Reykjanesi, er starfræktur verði samkvæmt lögum um héraðsskóla, eða öðrum lögum, er veiti stofnuninni jafntraustan fjárhagslegan grundvöll. Skólinn starfi eftir núverandi starfsskrá Reykjanesskólans í aðalatriðum.

- II. Skólinn er sjálfseignarstofnun. Stofnfé hans leggi aðiljar fram sem hér segir:

A. Ísafjarðarkaupstaður:

1. Eign sína í sundlaug í Reykjanesi ásamt búningsklefum og hitaréttindum	kr. 4500,00
2. Eign sína í heimavistarskálum á sama stað	— 5500,00
3. Byggingarlóð undir hús skólans samkv. nánari útmælingu, allt að 500 ferm.	— 1000,00
4. Jarðhita eftir þörfum stofnunarinnar	— 9000,00

Kr. 20000,00

B. Norður-Ísafjarðarsýsla:

1. Eign sína í sundlaug í Reykjanesi ásamt búningsklefum og hitaréttindum	kr. 4500,00
2. Eign sína í heimavistarskálum á sama stað	— 5500,00

Kr. 10000,00

C. Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppur:

1. Barnaskólahús í Reykjanesi	kr. 15000,00
2. Rafstöð og útihús í Reykjanesi	— 6000,00
3. Eign sína í heimavistarskálum	— 3000,00
4. Bryggju	— 1000,00

Kr. 25000,00

Auk þess leggur Ísafjarðarkaupstaður fram til afnota fyrir skólann endurgjaldslaust til 31. maí 1984 laus samkvæmt meðfylgjandi ríssi og síðari útmæling.

III. Eignirnar afhendist skólanum í núverandi ástandi, eða því ástandi, er þær verða í á afhendingardegi, án annara kvaða eða skilyrða en hér segir:

1. Af hálfu Ísafjarðarkaupstaðar er áskilið, að skólinn haldi uppi íþrótt- og sundnámskeiðum á sama tíma og með líku sniði og verið hefir, einnig námskeiði fyrir sjómenn eða verkafólk frá Ísafirði, þegar þörf þykir.

Nemendur frá Ísafirði njóti jafnréttis við nemendur úr Norður-Ísafjarðarsýslu til náms í skólanum.

Húsnæði sé heimilt fólki frá Ísafirði í skólanum að sumrinu fyrir hæfilega þóknun, þó þannig, að ekki komi í hága við námskeiðastarfsemi skólans. Leikvöllur, laug og húsnæði skólans sé heimilt Ísfirðingum til afnota í sambandi við samkomur þar, ef það ekki fer í bága við starfsemi skólans.

Ísafjarðarbær leggi ekki fram meira fé til stofnunarinnar. Bryggjan sé endurgjaldslaust til almennings nota. Jarðrask til að leita að jarðhita og til nýtingar hans í þágu annara fyrirtækja bæjarins sé heimilt án endurgjalds, nema röskun mannvirkja leiði af því.

Ákvæði samnings þess um leiguland í Reykjanesi milli Ísafjarðar og fyrrnefndra hreppa frá 1. júní 1934 hreytist á engan hátt með þessu samkomulagi.

2. Af hálfu Norður-Ísafjarðarsýslu er áskilið, að nemendum úr öllum hreppum sýslunnar sé jafnheimill aðgangur að skólanum, að haldið verði uppi af skólanum íþrótt- og sundkennslu á líkan hátt og verið hefir í Reykjanesi, og að fólki úr sýslunni verði heimill aðgangur og afnot af eignum skólans með sama hætti og Ísafjörður hefir áskilið íbúum sínum, sbr. ofanritað.
 3. Af hálfu Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppa eru áskilin leigulaus afnot allra mannvirkja skólans til barnafræðslu í að minnsta kosti 16 vikur ár hvert. Rekstrar- og viðhaldskostnaður að því leyti, er hann kann að verða sameiginlegur, fari eftir samningi milli hlutaðeigandi skólanefnda.
 4. Kostnað þann, er leiðir af aflýsingu veðbanda þeirra, er nú hvíla á eignum þessum, greiðir skólinn.
 5. Ef leysing veðbanda ferst fyrir, getur hver aðili um sig krafizt þess, að samkomulaginu sé slitið.
 6. Hætti skólinn störfum á þeim megingrundvelli, sem lagður er með samkomulagi þessu og lögunum um héraðsskóla, falla framlög stofnendanna til þeirra aftur, eða tilsvarendi verðmæti.
- IV. Um stjórn skólans fer eftir héraðsskólalögum. Þó skal skólanefndin skipuð 5 mönnum, er valdir séu þannig:

Fræðslumálastjórinn skipar formann skólanefndar. Bæjarstjórn Ísafjarðar, skólanefnd barnaskólans í Reykjanesi, sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og félag nemenda Reykjaneskólans kjósa sinn manninn hver.

- V. Leita skal lagaheimildar til þess að skólinn fái réttindi og tekjur hliðstætt við héraðsskóla.

Ísafirði, 21. jan. 1937.

Ólafur Ólafsson, Bjarni Sigurðsson, Hannibal Valdimarsson,
Aðalsteinn Eiríksson, Páll Pálsson, Guðm. G. Kristjánsson, Jón H. Fjalldal,
Torfi Hjartarson, Arngrímur Fr. Bjarnason, Þorsteinn Jóhannesson.

Fylgiskjal III.

Yfirlit yfir starfsemi Reykjaneskólans árin 1934, 1935, 1936 og 1937.

Skólinn var settur og vígður 3. nóv. 1934. Fastir kennarar eru Aðalsteinn Eiríksson, skólustjóri, og Eiríkur Stefánsson, kennari. Tímakennarar hafa verið: frú

Bjarnveig Ingimundardóttir, Jakob Jónsson, íþróttakennari, Tryggvi Þorsteinson, kennari, og Ernst Fresenius, garðyrkjumaður.

Þátttaka í starfsemi skólans hefir verið þessi:		
1934—35 í barnadeildum	40 nemendur	
1935—36 í	34	
1936—37 í	40	
		114 nemendur
1935 í unglingadeild	15 nemendur	
1936 í	41	
1937 í	50	
		106 nemendur
1935 Vorvika kvenna	35 þátttakendur	
1936 Féll niður vegna mislinga.		35 þátttakendur
1935 Vordagurinn	80 þátttakendur	
1936	69	
		149 þátttakendur
1935 Íþróttanámskeið	57 þátttakendur	
1936	81	
		138 nemendur
1936 Bændanámskeið	100 þátttakendur	
1936 Garðyrkjunámskeið	2 nemendur	
		Samtals 644

Auk þessa hafa verið haldin á vegum skólans tvö héraðsmót og tvær miðsvetrarháttíðir, árin 1934—36. Eftir því, sem næst verður komið, hefir þátttakan í þessum samkomum verið samtals 1200—1400 manns.

Sumarið 1935 heimsóttu Reykjanæs nálægt 900 manns þann tíma, sem skólinn starfaði ekki. Sumarið 1936 var tekið á móti gestum til dvalar, frá 15. júlí til ágústloka. Tala gesta nálægt 500 þann tíma.

Hver liður starfseminnar hefir árlega þennan tíma til umræða:

1. Barnadeildir frá 15. okt. til 15. maí. Námsflokkar eru tveir. Hver námsflokkur fær 16 vikna kennslutíma.
2. Unglingadeild frá 1. jan. til 1. apríl. Í ár (1937) eru deildirnar tvær, yngri og eldri deild.
3. Vorvika kvenna, ein vika.
4. Garðyrkjunámskeið 6 vikur.
5. Vordagurinn, 1 dagur.
6. Íþróttanámskeið, 4 vikur.
7. Bændanámskeið, 3 dagar.

Skólinn stjórnar heimanámi nemenda úr barnadeildum. Nemendur unglinga- og barnadeilda stunda garðyrkju á heimilum sínum fyrir atbeina skólans og undir umsjá hans. Í sumar var þátttakan í garðyrkjustarfseminni almenn. Gáfu nemendur nokkurn hluta arðsins í skiðaskálasjóð, 5—10 kr. hver.

Þegnskaparvinna.

1934—35 Nemendur skólans unnu samtals sem svarar 40 dagsv.
 Unnið var: 15 metra langur vegur lagður, steipt vatnspró við búningsklefa, lögð 40 metra löng leiðsla — rör og timburstokkar — að búningsklefum. Steipt kringum aðalhverinn 1,3×3 metra, 90 metra langur skurður, byrgður með hellum; um hann er leitt vatn til laugarinnar.

	Vordagsvinna: 80 manns unnu sem svarar	70 dagsv.
	Hestavinna	3 dagsv.
	Unnið var: Lagðir vegir $130 \times 3 \times 0,6$ metrar, skóla- hlað hlaðið upp og jafnað 35×7 metrar, grjótnám og undirbúinn jarðvegur í skólagarði. -- Kr. 50,00 gjöf frá Halldóri Jónssyni Rauðamýri, varið til að greiða vinnu sem svaraði	10
	og hestavinnu sem svarar	4 dagsv.
1935- -36	Nemendur unnu samtals sem svarar	90
	Unnið var: Rudd vör og byggð grjótuppfylling norð- anmegin varar $15 \times 1,5 \times 3$ metrar. (Við þessa upp- fyllingu hefir nú verið sett bryggja).	
	Vordagsvinna: 70 manns unnu sem svarar	56
	Hestavinna	2
	Unnið var: Skólagarður, 35×17 metrar, stunginn upp og grjóthreinsaður, ekið í hann gróðurmold og jafnað til sem svarar 50 cm. þykku lagi. Skólalóðin, 35×34 metrar, girt og smíðaðar grindur í tvö hlið. -- Skíðaskáli, 5×10 metra að grunnmáli. er í smíðum. Leggja nemendur og aðrir unnendur skólans fram efni og vinnu.	
	Samtals	9 ha.dv. 266 dagsv.